



ORKUSTOFNUN

## Umhverfisúttekt á Námafjalls- og Kröflusvæði

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-92-xx

## Umhverfisúttekt á Námafjalls- og Kröflusvæði

### Vinnutilhögum við forverk

Vegna þess hversu mat á vinnuframlagi við gerð umhverfisúttektar á virkjunarsvæðum var mikilli óvissu bundið var valin sú leið að hefja verkið með forverki bundnu þróngum tímamörkum. Var gerð tillaga um að forverkið yrði bundið við þriggja mánaða vinnu. Forverkið á m. a. að fela í sér gerð nákvæmrar verk- og kostnaðaráætlunar við umhverfisúttekt. Fyrsta stig forverksins verður gera ramma fyrir umhverfisúttekt, sem verður með sama sniði á öllum virkjunarsvæðunum. Sú vinna mun fara fram í febrúar. Síðan verður á tímabilinu mars-ágúst unnið að því að fylla inn í þennan ramma fyrir hvert svæði og í framhaldi af því gera verk- og kostnaðaráætlun um gerð ítarlegrar umhverfisúttektar og sérverk á sviði umhverfisáhrifa jarðhita, sem æskilegt væri að vinna á næstu árum. Sérverk geta verið unnin af einum samstarfsaðilanna eða fleirum og nokkur verða væntanlega unnin af öllum aðilum sameiginlega með mismikilli þáttöku, eða af einum. Forverki ljúki með skýrslu, sem komi út fyrir 1. september 1992.

### Sérverk á árinu 1992

Auk sérverka, sem skilgreind verða í skýrslu í lok forverksins eru nokkurverk, sem hafa þegar verið skilgreind og talið er að liggi talsvert á að hefja vinnu við. Þessum verkum er lýst í greinargerð Halldórs Ármannssonar frá 23.janúar, sem dreift var á síðasta fundi.